



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla **2016-2017**

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2016 - 2017

Aðalfundur

23. september 2017

haldinn í Grensáskirkju



actalliance

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Árlegur samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum	19
Verkefni á alþjóðavettvangi	5	Fundir Lútherska heimssambandsins, LWF og Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna ACT Alliance	19
Mannúðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka	5	Samráðsveitvangur íslenskra manúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu	19
Mannúðaraðstoð í kjölfar fellibylsins Matthíasi á Haífi	5	Þróunarsamvinnunefnd utanríkisráðuneytisins	19
Mannúðaraðstoð við flóttafólk frá Suður-Súdan í Norður-Úganda	5	Breytendur - Changemaker á Íslandi	20
Mannúðaraðstoð vegna matarskorts í kjölfar þurrka og langvarandi ófriðar í Sómalíu	6	Málsvarastarf vegna aðstæðna á Íslandi	20
Mannúðaraðstoð vegna hamfara á Grænlandi	6	EAPN og Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt	20
Þróunarsamvinna	6	Rödd í miðlum	21
Epíópía	6	Fræðsla	21
Tryggara lífsviðurværi íbúa í Jijiga- og Tuluguladehéruðum Sómalíufylkis	6	Fréttablaðið Margt smátt...	21
Inndland	7	Fréttabréf til Hjálparliða	21
Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki	8	Starfsskýrsla	22
Úganda	9	Bæklingar	22
Gefum þeim séns – Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar	9	Vefsíðan www.help.is	22
Bætt lífskjör HIVsmiðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda	10	Facebooksíða Hjálparstarfs kirkjunnar og aðrir samfélagsmiðlar	22
Verkefni innanlands	11	Fræðsluerindi	22
Neyðarastöð vegna fátæktar	11	Fjármál	23
Inneignarkort í matvöruverslanir	15	Fjáröflun	23
Jólaaðstoð - Sérstök aðstoð í desember	15	Fjáröflun með aðstoð fermingarbarna til vatnsverkefna í Afríku	23
Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum	15	Jólasöfnun – Vatn er lífsvon	23
Fatasöfnun og fataúthlutun	16	Páskasöfnun – Gefum þeim séns	23
Velferð barna og ungmenna	16	Landssöfnun - Vinátta í verki	24
Framtíðarsjóður	16	Styrktarframlög frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum	24
Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð	17	Opinber framlög	24
Ráðgjöf	17	Framlög á fjáröflunarvefsíðunum gjöfsemgefur.is og framlag.is	24
Sjálfsstyrkingarnámskeið og hópastarf	17	Aðrar fjáröflunarleiðir	24
Fræðslu- og málsvarastarf	19	Framlög til verkefna og reksturs	25
Málsvarastarf vegna aðstæðna á alþjóðavettvangi	19	Skipulag, stjórn og starfsfólk	26
		Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	27

Inngangur

„Farðu aftur til gömlu vatnslindanna, ekki bara eftir vatni, vinir og draumar bíða þín þar“ segir í afrísku orðtaki.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur í verkefnum sínum í Eþíópíu og Úganda meðal annars að því að auka aðgang að vatni með brunnum, vatnstönkum og vatnspróm. Við höfum sannarlega heyrt það frá konunum sem sækja vatn (já það er ennþá svo víðast hvar að þær sjá um það) að þær njóta þess að hittast og spjalla og nota oft góðan tíma þegar að vatnsbólínu er komið til að ræða málin, kannski um drauma og væntingar og segja fréttir, hlægja saman og styrkja vinabönd.

Það fylgir því mikill léttir að hafa aðgang að nægu vatni. Það skapar hreinlega grundvöll fyrir nýja drauma, nýja möguleika. Með vatninu verður líka heilsan betri og þannig margfaldast hin jákvæðu áhrif vatnsins út í samfélagið.

Um það snýst starf Hjálparstarfsins á Íslandi og í verkefnum erlendis; að hafa jákvæð og uppbyggjandi áhrif á einstaklinga og samfélög. Stuðla að mannréttindum, auknum jöfnuði og bættri lífsafkomu þeirra sem búa við fátækt. Um það getur þú lesið í þessari skýrslu. Vertu með okkur í því að láta drauma rætast. Takk fyrir stuðninginn.

*Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri*

Verkefni á alþjóðavettvangi

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru hins vegar risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuóryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmið eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfsins þannig í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar. Þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta því mælt árangur hennar til lengri tíma. Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Mannúðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samstarfi við Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem sameinar krafta 145 kirkjutengdra hjálparstofnana í 125 löndum með 51.000 starfsmenn og 167.000 sjálfbóðaliða innan sinna raða. Mannúðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um faglega mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Meginmarkmið með mannúðaraðstoð er að óbreyttir borgarar njóti verndar gegn stríðsátökum, mannlífum sé er bjargað með því að mæta grunnþörfum fólks, heilsufar fólks hafi batnað og velferð þess aukist og að viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir aukist.

Mannúðaraðstoð í kjölfar fellibylsins Matthíasi á Haítí

Í nóvember 2016 sendi Hjálparstarfið 21.150.810 krónur til að tryggja öruggt skjól, drykkjarvatn og hreinlætisaðstöðu fyrir 16.700 manns sem misstu allt sitt í fellibylnum Matthíasi sem reið yfir Haítí 4. október 2016. Utanríkiðráðuneytið veitti styrk til aðstoðarinnar sem Alþjóðlegt hjálparstarf norsku kirkjunnar er í forsvari fyrir.

Mannúðaraðstoð við flóttafólk frá Suður-Súdan í Norður-Úganda

Í nóvember 2016 og júní 2017 sendi Hjálparstarfið samtals 12.442.024 króna framlag til mannúðaraðstoðar Lútherska heimssambandsins við flóttafólk frá Suður-Súdan í Úganda. Með framlaginu er 27.348 flóttamönnum tryggður aðgangur að hreinu vatni, skjóli, hreinlætisaðstöðu og lífsviðurværi í Norður-Úganda. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til verkefnisins sem framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi fræddust um í vettvangsferð í mars 2017.

Mannúðaraðstoð vegna matarskorts í kjölfar þurrka og langvarandi ófriðar í Sómalíu

Í júní 2017 var 15.817.806 króna framlag sent til mannúðaraðstoðar í Sómalíu vegna þurrka og langvarandi ófriðar í landinu. Markmiðið er að tryggja 60.600 manns aðgang að fæðu, vatni og hreinlætisaðstöðu. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til aðstoðarinnar sem Alþjóðlegt hjálparstarf norsku kirkjunnar er í forsvari fyrir.

Mannúðaraðstoð vegna hamfara á Grænlandi

Landssöfnun til aðstoðar Grænlandingum í samstarfi við KALAK, vinafélags Grænlands, og fleiri vegna hamfara á vesturströnd landsins í júní var hrundið af stað undir lok starfsárs. Alls höfðu 13.375.000 krónur safnast í lok júní og verður þeim ráðstafað á nýju starfsári í samvinnu við KALAK. Fénu verður varið í þágu íbúa Nuugaatsiaq, í samvinnu við fólkið sjálft, sveitarfélagið og þá aðila sem munu hjálpa fórnarlömbunum að byggja upp líf sitt að nýju.

Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu erlendis vinnur Hjálparstarfið með grasrótarsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, en fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa nutu aðstoðar þess á árinu. Yfir 8.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun sem og menninguna, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

Eþíópía

Sómalífylki er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í Eþíópíu sem er meðal fátækustu ríkja heims. Fylkið þekur 144 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 5 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirdingja. Grunnstoðir samfélagsins eru veikar og fjarskipti og samgöngur eru léleg. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskortum og vannæringu í fylkinu. Um 1 milljón íbúanna er háð mataraðstoð að staðaldri.

Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein í fylkinu. Þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsir, hveiti og bygg. Vatnsskortur í fylkinu hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknþjónusta er stopul. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög takmarkað og lífsskilyrði slæm.

Tryggjara lífsviðurværi íbúa í Jijiga- og Tuluguladehéruðum Sómalífylkis

Á starfsárinu náði verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í harðbýlu Sómalífylkis til tæplega 35.000 sjálfsþurftarbænda (47% þeirra eru konur) en samstarfsaðili á vettvangi er Lútherska heimssambandið.

Yfirmarkmið verkefnisins er að bæta fæðuöryggi og lífsafkomu fólksins sem unnið er með. Tvö undirmarkmið þess eru að bæta aðgengi fólksins að fæðu og hreinu vatni og að valdefla konur með því að þær hafi meiri áhrif og ákvörðunarvald yfir tekjum sem þær afla.

Árið 2016 voru þrjár vatnsþrær (birkur) grafnar en úr þeim fá 2.640 manns og 4.500 skepnur vatn. Grafið var fyrir tveimur brunnum og gert við fjóra gamla brunna. Þannig var drykkjarvatn tryggt fyrir um 8.000 manns og 7.000 skepnur.

Hundrað og sex konur fengu lán úr sjóði sem endurnýjast þegar konurnar greiða til baka en hver og ein fær sem svarar um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur. Þriggja daga vinnustofa var haldin fyrir 40 skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband. Hundrað og sextíu bændur tóku þátt í námskeiðum um bættar ræktunarleiðir, þurrkþolnari korntegundir og hunangsræktun.

Um 77% þeirra verkþátta sem framkvæma átti á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 hafa verið framkvæmd en þeir sem eftir standa fara í framkvæmd á þriðja ársfjórðungi.

Um 240 manns fengu fræðslu um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma á fyrstu sex mánuðum ársins, tveir kamrar voru reistir og fólk hvatt til að reisa sér sjálft slíka kamra. Til stóð að grafa handgrafinn brunn á öðrum ársfjórðungi en vegna Ramadan hátíðarinnar dróst að hefjast handa en brunnurinn mun verða grafinn á þriðja ársfjórðungi 2017. Vegna þurrka var orðið við beiðni staðaryfirvalda um að dreifa vatni og fengu 12.500 manns vatn á fyrri hluta árs í 63 ferðum trukka með vatnstanka á svæðið.

Í landbúnaðarhluta verkefnisins fengu 738 bændur, þar af 163 konur, þjálfun í bættum ræktunaraðferðum. Fimmtíu bændur, þar af tíu konur, fengu afhenta Ardu-plóga sem rista dýpra en hefðbundin plógar og endast lengur. Fjögur hundruð fjölskyldur fengu afhent samtals 2.500 kg af þurrkþolnari korntegundum til ræktunar sem þær greiða til baka við uppskeru svo fleiri fjölskyldur njóti góðs af. Samstals fengu 146 fátækar konur 440 hænsn til hæsnaræktunar. 30.000 græðlingar eru tilbúnir til dreifingar, (avocado, papaya, mango og guava) og verða afhentir fjölskyldum á seinni hluta ársins 2017.

Upprifjunarnámskeið var haldið fyrir 8 dýraliða og 130 bændur fengu fræðslu um dýrasjúkdóma og smitleiðir þeirra. Alls voru 476.767 dýr bólusett og áfram var haldið með kynningu á hunangsræktun en framleiðsla hefst seinni hluta ársins 2017.

Fimm sparnaðar- og lánahópar kvenna voru skipulagðir fyrstu sex mánuði 2017 en í hverjum hópi voru að meðaltali tuttugu konur. Búið er að fræða hópana en vegna Ramadan hátíðarinnar tafðist að setja af stað lánastarfsemina en það verður gert á þriðja ársfjórðungi.

Staðaryfirvöld reka tvær þjálfunarmiðstöðvar fyrir bændur. Til að styrkja þá starfsemi og bæta þjónustu voru afhent ýmis skrifstofutæki og húsgögn. Prentarar voru gefnir til að auðvelda framleiðslu fræðsluefnis. Sem fyrr er samstarf við staðaryfirvöld, þorpsleiðtoga og fólkið sjálft í samfélögunum sem verkefnið nær til mjög gott.

Indland

Indverjar hafa búið við góðan hagvöxt undanfarna áratugi en lífsgæðum þar hefur verið misskipt milli þjóðfélagshópa og fátækt er stórt samfélagslegt úrlausnarefni. Dalítar eða

hinir ósnertanlegu eru þeir fátækustu í samfélaginu og félagsleg réttindi þeirra eru lítil sem engin. Ein leið til þess að rjúfa vítahring fátæktar er að styðja börn til náms en með menntun aukast möguleikar á vel launuðu starfi og bættum kjörum. Stúlkur sem fá tækifæri til skólagöngu eru gefnar í hjónabönd eldri að árum og lífsmöguleikar stúknanna og barna þeirra aukast.

Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, var stofnuð árið 1972 og hefur síðan þá hjálpað fátæku fólki og börnum þeirra með því að halda úti skólastarfi og heimavist ásamt matargjöfum og spítalarekstri í Andhra Pradesh-fylki í austurhluta Indlands. Hjálparstarf kirkjunnar hefur í rúman aldarfjórðung stutt starfið með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans.

Mörg barnanna sem styrkt eru til náms eru Dalitar. Þau eru fæst munaðarlaus en sakir fátæktar og fordóma komast þau ekki í almenna skóla. Þegar börnin hefja skólagöngu hjá UCCI opnast þeim möguleiki til betra lífs en félagsleg staða þeirra og fátækt annars býður þeim. Auk þess er þeim um leið forðað frá óhóflegri vinnu, hungri og skorti á lækniþjónustu. Skólastarfið er því mikilvæg forvörn gegn því að börn lendi í vinnubrælkun.

Flest börnin ganga í Emmanúelskólann í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni til náms í iðn- og verkþjálfunarskóla.

Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn fylgir almennri námsskrá fylkisins en 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki séu allar stofur búnar bekkjum og borðum.

Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala UCCI. Vari veikindi lengur en í 3-4 daga eru börn send heim í umsjá foreldra sinna en fá send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á sjúkrahöfn UCCI en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Börnin fá fatnað og námsgögn á hverju ári.

Tíu starfsmenn auk kennara starfa við Emmanúelskólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heimalærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist.

Kristið trúarlíf er áberandi við skólann enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir stuðningi við ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna sem hafa fengið heitið Fósturforeldrar um framlög. Með þessu fyrirkomulagi þurfa Fósturforeldrar aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera

ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Fyrirkomulagið tryggir þannig stöðugleika í skólagöngu barnanna.

Fósturforeldrar fá árlega upplýsingar um námsárangur, nýja mynd af barninu og jóla-kveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella.

Við lok starfsárs 2016 – 2017 styrktu Hjálparstarfið og 226 íslenskir fósturforeldrar 302 börn til skólavistar hjá Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) í Andhra Pradeshfylki. Sextíu og sjö barnanna eru í grunnskóla og 235 eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarfið greiðir einnig laun átta kennara við skólann.

Úganda

Úganda er númer 163 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna en alls eru 188 ríki og lands-svæði á listanum. Úganda flokkast þar með sem eitt af fátækustu ríkjum heims. Íbúar eru samtals um 38 milljónir en aldurssamsetningin er þannig að 80% íbúanna eru á aldrinum 12 – 30 ára. Meðalaldur er 16 ár.

Samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í heiminum en í Úganda þar sem um 60% unga fólksins er án atvinnu. Verst er ástandið í höfuðborginni Kampala en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf. Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Gefum þeim séns – Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarfið stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfðuðborg Úganda.

Verkefnið er í þremur fátækrahverfum borgarinnar og varir í 3 ár. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi fræddust um verkefnið í vettvangsferð í mars 2017 og sáu meðal annars verkmenntamiðstöðvar þar sem ungmennin geta valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetð.

Í verkmenntamiðstöðvunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði. Eitt af því sem unglíngarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vlnæslt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina geta unglíngarnir þannig nýtt sér til framfærslu.

Bætt lífsskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda

Á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Rakaí og og Lyantonde í Úganda leggst vatnsskortur, fátækt, HIVsmit og alnæmi á eitt um að gera fólki lífið erfitt. Alnæmissjúkir falla frá eftir erfið veikindi og eftir standa munaðarlaus börn, ekkjur og aldnar ömmur með barnabörn á framfæri sínu.

Stuðningsnet samfélagsins er grísjótt þar sem margir eru fallnir frá og hver hefur nóg með sig. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og tími aðstandenda til tekjuöflunar með ræktun eða öðrum leiðum er lítill þar sem tíminn fer að mestu í að hugsa um þá veiku og langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarksneyslu daglega. Vatnsskorturinn kemur svo í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og hífýli séu þrífín. Óhreinlætið ýtir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar fái umgangspæstir og sýkist af sjúkdómum sem berast með vatninu.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakaí, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmit HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu. Síðastu tvö starfsár hefur samstarfið verið við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem spröttin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins, í Rakaí og Lyantonde.

Markhópur verkefnisins er fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIVsmitaðar einstæðar mæður og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhús-búnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smíthættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp ríngingarvatns-söfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Stuðningi utanríkisráðuneytisins við verkefnið lauk árið 2014 og dró því mjög úr umfangi þess en á þessu starfsári voru reist fjögur hús með vatnstönkum, eldaskálum og kömrum með 4.843.150 króna framlagi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Verkefni innanlands

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki aðstoð í neyðartilfellum. Aðstoðin felst í því að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð. Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og því er sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Þegar félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka á móti fólki í viðtal skrá þeir niður félagslega stöðu þess en gæta að sjálfsögðu fulls trúnaðar. Við greiningu gagna sem þannig verða til kemur í ljós að sá hópur fólks sem leitar mest og í lengstan tíma til Hjálparstarfsins er oft fastur í vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.

Reynslan hefur kennt ráðgjöfunum að neyðaraðstoð sé nauðsynleg en að um leið dugi hún skammt ein og sér. Þeir telja að til þess að fólk geti rofið þennan vítahring sé valdefling það sem virki, hún sé raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar. Þegar fólk finnur hvers það er megnugt líður því betur andlega og félagslega og getur tekið frekari þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólk sem tekur þátt í þeim. Með því að sniða verkefnið að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til árangurs og breytinga í lífi fólks; að þau séu raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.


Neyðarastöð vegna fátæktar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í félagslegri neyð efnislega aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi til lengri tíma.


Meginmarkmið með aðstoð í neyðartilfellum er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs. Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða lífsskoðana þeirra sem hans leitar.

Á starfsárinu 2016 – 2017 fengu 2018 fjölskyldur efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfinu en það eru 35 fjölskyldur færri en á starfsárinu 2015 - 2016. Má reikna með að 5.449 einstaklingar (2018 fjölskyldur með 2,7 í fjölskyldu að meðaltali) hafi notið aðstoðarinnar þegar börn og makar umsækjenda eru talin með miðað við 5.543 á fyrra starfsári. Um 75% þeirra sem sóttu aðstoð á starfsárinu eru af íslensku þjóðerni.


Fjöldi umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og fjöldi skipta sem aðstoð var veitt, þróun frá 2007 – 2017




Aldursdreifing umsækjenda, þróun 2013 – 2017




Kyn umsækjenda, 2016 – 2017




Hjúskaparstaða umsækjenda, starfsárið 2016 – 2017




Tegund húsnæðis sem umsækjendur búa í starfsárið 2016 – 2017



Heimilisfang umsækjenda starfsárið 2016 – 2017



Ástæður umsóknar um aðstoð starfsárið 2016 – 2017



Inneignarkort í matvöruverslanir

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt neyðaraðstoð til skemmri tíma meðal annars með því að láta því í té inneignarkort í matvöruverslunum. Mikil valdefling felst í því að fólk fari sjálft út í búð og velji þar þær nauðsynjar sem það kaupir í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara liggja til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur koma til viðtals með gögn um tekjur og fastaútgjöld sín og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði um lágmarksupphæð til framfærslu.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæð á inneignarkorti sem og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Að tímabilinu liðnu býðst umsækjanda að koma aftur með uppfærð gögn og staðan er metin að nýju.

Vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta tekjulágir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslunum.

Jólaaðstoð - Sérstök aðstoð í desember

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun og glaðst með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. Alls naut 1471 fjölskylda (um 4000 einstaklingar) um land allt aðstoðar fyrir síðustu jóla eða 18 fjölskyldum fleiri en fyrir jóla 2015.

Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði, aðgöngumiða í leikhús og / eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Á svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er til að dreifa einskorðar Hjálparstarfið aðstoðina við efnalitlar barnafjölskyldur. Á landsbyggðinni þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum er einstaklingum einnig veitt sérstök aðstoð fyrir jóla.

Fyrir jóla 2016 var gott samstarf um jólaaðstoð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna í kirkjum vítt um land.

Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Þó er ekki greitt fyrir lyf sem eru þríhyrningsmerkt eða ávanabindandi. Á starfsárinu 2016 – 2017 nutu um 400 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í samtals 492 skipti. Meðalupphæð hverrar aðstoðar var 5.076 krónur en

Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um. Stuðningur vegna gleraugnakaupa er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum.

Fatasöfnun og fataúthlutun

Fjölmargin einstaklingar koma með notaðan fatnað til Hjálparstarfs kirkjunnar sem tekur á móti hreinum og heillegum fatnaði í húsnæði stofnunarinnar að Háaleitisbraut 66 í Reykjavík alla virka daga frá klukkan 8:00 – 16:00. Hjálparstarfið lætur fatnaðinn áfram til þeirra sem eftir honum leita en sá fatnaður sem ekki er sóst eftir er gefinn áfram til Hjálpræðishersins á Íslandi.

Á annan tug öflugra sjálfboðaliða leggja Hjálparstarfinu lið í viku hverri með því að flokka, brjóta saman og raða í hillur ásamt því að aðstoða þá sem koma til að fá notaðan fatnað hjá stofnuninni. Á hverjum þriðjudegi leita 20 - 30 einstaklingar og fjölskyldur til Hjálparstarfsins um notaðan fatnað en í desember og byrjun janúar síðastliðnum fengu 270 einstaklingar og fjölskyldur fatnað hjá stofnuninni.

Sífelld fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leita til Hjálparstarfsins um notaðan fatnað en fólk fætt á Íslandi er í miklum minnihluta þeirra sem sækjast eftir þeirri aðstoð. Má leiða líkum að því að íslenskar fjölskyldur leiti frekar til stórfjölskyldu og vina um notaðan fatnað en að fólk sem hér er tímabundið eða nýsest að hafi ekki það tengslanet að leita til.

Velferð barna og ungmenna

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Samtals fengu 53 börn og unglingar undir átján ára aldri styrk frá Hjálparstarfinu á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.

Með það að markmiði að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri samveru fengu 30 fjölskyldur aðgangskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Fjölmarginar fjölskyldur fengu bíó- og leikhúsmiða og boðskort á veitingastaði sem eru vinsælir meðal barna og unglunga.

Í vor fengu tíu fjölskyldur fermingarvertu frá Myllunni í fermingarveislur. Foreldrar 22 barna fengu styrk til að senda þau í sumarþúðir KFUM og KFUK og fjórtán ungmennum var boðið á námskeið hjá Dale Carnegie.

Foreldrar um 200 barna fengu inneignarkort í ritfangaversluninni A4 í upphafi skólaárs og foreldrar um 100 barna fengu inneignarkort í Lindex og Hagkaupum til að versla skólafatnað. Foreldrar 29 barna fengu greitt fyrir jólagjöf sem börnin óskuðu sér.

Framtíðarsjóður

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna. Á starfsárinu fékk alls 51 ungmenni styrk úr Framtíðarsjóði til greiðslu

skólagjalda í samtals 13 framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Flestir styrkir voru til náms í Tækniskólanum og Borgarholtsskóla. Meðalupphæð hvers styrkjar var um 33.000 krónur.

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin ár hefur Hjálparstarfið þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í öllu starfi er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafarnir taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá Hjálparstarfinu alla miðvikudaga, ræða við það og benda á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum. Fjálmálaráðgjafi frá fyrirtækinu Velgengni veitir ráðgjöf í sjálfböðavinnu á hverjum föstudagsmorgni og frá áramótum 2014 – 2015 hefur sálusögun og sáttamiðlun verið í boði eftir samkomulagi.

Sjálfsstyrkingarnámskeið og hópastarf

Haustið 2016 var námskeiðið *Heilsueflandi samvera* skipulagt í annað sinn í samstarfi við Hjálpræðisherinn og stóð það til loka aprílmánaðar 2017. Markmið námskeiðsins, ætlað konum utan vinnumarkaðar, var að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu þátttakendanna. Matreiðsla, sjálfstyrkingarvinna, fönður og hreyfing voru meðal dagskrárliða námskeiðsins. Ellefu konur voru skráðar til þátttöku í námskeiðinu.

Í september 2016 hófst tveggja ára verkefni sem ber heitið *Virkni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi*. Verkefninu er ætlað að undirbúa einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með unglíng á heimilinu undir þau tímamót þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða. Við það minnka heimilistekjur verulega þar sem meðlag, barnalífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu. Átta konur taka þátt í verkefninu en sjálfstyrkingar- og fjármálanámskeið voru á dagskrá þess á haustönn en ítarlegri sjálfsskoðun og markmiðasetning ásamt sjálfböðnu starfi voru meðal dagskrárliða á vorönn 2017.

Í febrúar 2017 hófst samstarfsverkefni Fella- og Hólakirkju, Félags- og fjölskyldumiðstöðvarinnar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar, Pepp Ísland og sjáfboðaliða í Breiðholti sem hlaut heitið *Breiðholtsbrúin*. Um er að ræða opið hús sem á vorönn 2017 var í Fella- og Hólakirkju fyrsta og þriðja mánudag í mánuði. Verkefnið heldur áfram í Breiðholtskirkju á haustönn 2017 en markmið þess er að fólk í hverfinu hittist, skiptist á að elda mat, borði og eigi góða samverustund. Hópurinn mótar dagskrána sjálfur.

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Á vorönn 2017 hélt félagsráðgjafi Hjálparstarfsins tveggja daga sjálfstyrkingarnámskeiðið *Konur eru konum bestar* fyrir tuttugu konur á Akureyri.

Í apríl 2017 tóku tólf unglingar þátt í *Páskafjöri á Úlfjótuvatni*, tveggja náttu ferð fyrir börn í 5.-8. bekk grunnskóla í páskafríinu. Skátarnir héldu uppi frábærri dagskrá sem var þátttakendum gjaldfrjáls.

Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn skipulögðu í júní *Sumarbúðir fyrir fjölskyldur á Úlfjótuvatni* fjórða sumarið í röð. Um er að ræða sumarfrí fyrir um 60 manns sem búa við kröpp kjör í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn frá 6.- 9. júní. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá alla dagana en markmiðið var að fjölskyldurnar gætu átt gleðilegt frí saman og góðar minningar, rjúfa félagslega einangrun og stuðla að aukinni virkni.

Ræktaðu garðinn þinn er verkefni sem stendur yfir sumartímann þar sem þátttakendur fá pláss í matjurtagörðum sveitarfélaga og fá þar tækifæri til að rækta sitt eigið grænmeti. Á Akureyrir tóku sex manns þátt í verkefninu en í Reykjavík voru þátttakendur tíu talsins sumarið 2017.

Fræðslu- og málsvarastarf

Auk þess að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki til sjálfshjálpar með valdeflandi verkefnum hefur Hjálparstarf kirkjunnar það að markmiði að auka almenna vitund um mannréttindi og mikilvægi sjálfbærni. Hjálparstarfið telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri. Hjálparstarfið tekur þátt í málsvarastarfi innanlands og utan og vill stuðla að hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Málsvarastarf vegna aðstæðna á alþjóðavettvangi

Árlegur samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum

Fundurinn var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju 24. og 25. ágúst 2016. Þátttakendur, 30 talsins, upplýstu um framgang og áskoranir í verkefnum stofnananna í hverju landi fyrir sig. Samstarf innan Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, sameiginlegar áherslur og samvinna í verkefnum voru meðal helstu dagskrárlíða.

Fundir Lútherska heimssambandsins, LWF og Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna ACT Alliance

Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar sótti 12. heimsping Lútherska heimssambandsins í Namibíu í maí 2017 og aðalfund Evrópudeildar ACT Alliance í Brussel í júní. Á heimspingi LWF var fjallað um aðstæður og áskoranir á starfssvæðum sambandsins um allan heim en um 92% af öllu fé sem sambandið hefur til ráðstöfunar rennur til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Á aðalfundi ACT Alliance í Evrópu var fjallað um breytingar í pólitísku landslagi í Evrópu og möguleg áhrif þeirra á störf í þágu mannúðar og í þróunarsamvinnu.

Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu

Þátttakendur í SÍMAH eru ABC-barnahjálpar, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp og UN Women. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka fyrir sig. Á fundum samtakanna eru einnig rædd sameiginleg hagsmunamál svo sem verklagsreglur í starfi og samtarf við utanríkisráðuneytið.

Þróunarsamvinnunefnd utanríkisráðuneytisins

Fulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar er meðal fimm fulltrúa SÍMAH í 15 manna nefnd um

alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Í nefndinni eru einnig fulltrúar atvinnulífsins og háskólasamfélagsins.

Breytendur - Changemaker á Íslandi

Breytendur - Changemaker á Íslandi, er hreyfing ungs fólks sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er að norski fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfsins. Heimasíða Breytenda (et. Breytönd) er www.changemaker.is en hreyfingin heldur einnig úti Facebooksíðu. Guðjón Andri Reynisson var ráðinn í 20% starfshlutfall frá júní 2017 til að efla starfið en það hefur legið í láginni undanfarið ár.

Málsvarastarf vegna aðstæðna á Íslandi

EAPN og Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt

EAPN er evrópskur samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt en félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Hópurinn Pepp Ísland sem var stofnaður í tengslum við EAPN á Íslandi og Hjálparstarfið stóðu þannig fyrir viðburði á Fundi fólksins í Norræna húsinu í september 2016. Yfirskriftin var *Er fátæktarklám í fjölmiðlum?* Á fundinum var meðal annars bent á að fjölmiðlar mættu fjalla meira um það þegar fólk finnur sér leið út úr fátækt og hafa þannig valdeflandi áhrif. Hátt í 30 manns sátu fundinn en um hann var fjallað í 3tbl. Margt smátt... 2016.

Pepp Ísland og Velferðarvaktin stóðu fyrir morgunverðarfundum á Grand hóteli í byrjun október þar sem fjallað var um mataraðstoð á Íslandi, umfang og leiðir til fjölbreyttari þjónustu.

Fulltrúar EAPN og Pepp Ísland fóru á fund Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, 17. október en sá dagur hefur að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna verið helgaður útrýmingu fátæktar til að vekja athygli á aðstæðum fólks í fátækt. Guðni tók á móti teikningu sem sýnir fátækt með augum átta ára stúlku hér á Íslandi en Pepparar höfðu áður beðið nemendur í 3. bekk grunnskóla um að sjá fyrir sér og teikna fátækt í hinum ýmsu myndum.

Í janúar var haldinn morgunverðafundur um mikilvægi samráðs við notendur undir yfirskriftinni *Ekkert án notenda*. Vel var mætt en dagskráin þótti fullþétt því umræður voru mjög góðar og hefðu getað haldið áfram lengur. Á fundinum voru stjórnvöld hvött til að hafa samráð við samtök fólks í fátækt um laga- og reglugerðarbreytingar sem að þeim snúa.

Í febrúar veitti Pepp Ísland *Fjölmiðlaverðlaun götunnur* í fyrsta sinn fyrir faglega umfjöllun um fátækt á Íslandi. Verðlaunin hlaut Alda Lóa Leifsdóttir blaðamaður og ljósmyndari á Fréttatímanum. Fræðslufulltrúi Hjálparstarfsins og samhæfingarstjóri Pepp kynntu verkefnið á fundi EAPN í Vín í mars um skilvirkar leiðir til að hafa áhrif á orðræðu um fátækt.

Hjálparstarfið þrýstir á um aukið félagslegt réttlæti í samstarfi við félagasamtök og stofnanir svo sem með því að eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni, starfshópi um endurskoðun laga

um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, samráðshópi um málefni utangarðsfólks, Almannaheillum og stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Rödd í miðlum

Greinar eftir starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar voru birtar í skoðanadálki Fréttablaðsins fjórum sinnum á starfsárinu:

- „*Raunveruleiki fyrir 2% þjóðarinnar*“, grein eftir Vilborgu Oddsdóttur félagsráðgjafa í Fréttablaðinu 4. júlí, endursögn greinarinnar birtist á Hringbraut undir fyrirsögninni „*Geldistundir eru ekki lúxus*“ þann sama dag.
- „*Frá orðum til athafna – í okkar valdi*“, grein eftir Kristínu Ólafsdóttur fræðslufulltrúa í Fréttablaðinu 10. október.
- „*Ekkert barn býi við fátækt á Íslandi árið 2020!*“, áskorun starfsfólks Hjálparstarfsins til alþingis, skrifuð sem grein í Fréttablaðið 9. desember.
- „*Hvar er hugur þinn?*“, grein eftir Bjarna Gíslason framkvæmdastjóra í Fréttablaðinu 20. desember.

Þann 19. nóvember var forsiðuviðtal í Fréttablaðinu við Vilborgu Oddsdóttur félagsráðgjafa undir fyrirsögninni „*Fátækt deyr þegar draumar fá líf*“. Leiðari Fréttablaðsins 21. nóvember fjallaði um nálgun Hjálparstarfsins í starfi. Sigurjón M. Egilsson ræddi við Vilborgu Oddsdóttur félagsráðgjafa á Þjóðbraut í sjónvarpi Hringbrautar þann 22. desember um starfið innanlands fyrir jólin. Í Stundinni 30. júní var viðtal við Mjöll Þórarinsdóttur sjálfboðaliða Hjálparstarfsins undir fyrirsögninni „*Gefandi sjálfboðaliðastarf*“. Að auki leitaði fréttafólk álit Hjálparstarfsins um aðstæður fólks í fjárhagslegum vanda m.a. í upphafi skólaárs og í desember.

Fræðsla

Fréttablaðið Margt smátt...

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar Margt smátt... 3. tbl. 2016 kom út í tímaritaútgáfu í október. Forsíðuumfjöllun var um aðstæður flóttafólks en að auki var fjallað um verkefni Hjálparstarfsins heima og á alþjóðavettvangi. Blaðið kom út sem fylgiblað með Fréttablaðinu í lok nóvember og fór á heimili landsmanna í upphafi jólasöfnunar. Í blaðinu var áhersla lögð á vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku. Blaðið kom aftur út sem fylgiblað með Fréttablaðinu laugardaginn 8. apríl með áherslu á nýtt Kampalaverkefni Hjálparstarfsins enda var safnað fyrir því verkefni í páskasöfnun. Annað tbl. 2017 kom út í tímaritaútgáfu í júní en forsiðuumfjöllun þess var um valdeflingarverkefni innanlands.

Fréttabréf til Hjálparliða

Annan hvern mánuð fá Hjálparliðar sem eru reglulegir styrktaraðilar Hjálparstarfsins send

fréttabréf í tölvupósti með nýjustu fréttum af starfinu, einni frétt af starfinu innanlands og annarri af starfinu á alþjóðavettvangi.

Starfsskýrsla

Í lok starfsárs er starfsskýrsla unnin. Prentuð útgáfa er yfirlitsrit en í netútgáfu eru ýtarlegri upplýsingar um starfið. Upplýsingar um starfið er einnig að finna í árbók kirkjunnar á kirkjan.is.

Bæklingar

Í janúar vann fræðslufulltrúi með fulltrúum Barnaheilla, Krabbameinsfélagsins og Rauða krossins að endurgerð bæklinga um erfðagjafir. Að útgáfu nýja bæklinga Eftir þinn dag – Erfðagjafir sem stuðningur við góðgerðarmál standa Almannaheill, samtök þriðja geirans og samstarfshópur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu. Almennur kynningarbæklingur um Hjálparstarf kirkjunnar var einnig endurnýjaður á starfsárinu sem og sérstakur bæklingur um innanlandsstarfið. Bæklingur um gjafabréf á gjofsemgefur.is var uppfærður.

Vefsíðan www.help.is

Fræðslufulltrúi vann að endurgerð heimasíðu á starfsárinu með hugbúnaðarfyrtækini Premis. Áætlað er að ný og notendavænni heimasíða fyrir þá sem þurfa aðstoð, vilja fræðast og styrkja starfið verði tilbúin á fyrri hluta árs 2018.

Facebooksíða Hjálparstarfs kirkjunnar og aðrir samfélagsmiðlar

Facebook hefur í síauknum mæli verið notuð sem fræðslu- og samskiptatæki sem og markaðstól. Í lok starfsárs líkaði 3655 manns við Facebooksíðu Hjálparstarfsins. Stefnt er að því að notast við Instagram og Twitter í heimsóknnum á verkefnasvæði innanlands og utan á nýju starfsári.

Fræðsluerindi

Million Shiferaw og Ahmed Nur, verkefnastjórar Lútherska heimsambandsins í Eþíópíu, voru á Íslandi í október og fræddu tilvonandi fermingarbörn og nemendur í framhaldsskólum vítt og breytt um landið um aðstæður heima fyrir. Birna Halldórsdóttir túlkaði hátt í 40 erindi þeirra á íslensku. Birna er fyrrum starfsmaður Hjálparstarfsins og starfaði í Eþíópíu árið 2015 á vegum Rauða krossins.

Starfsfólk Hjálparstarfsins flutti fræðsluerindi fyrir presta í níu prófastdæmum sem og fyrir söfnuði, börn í fermingarfræðslu, grunnskólanemendur, félagasamtök og stofnanir eftir óskum þar um.

Fjármál

Öflugt mannúðar- og hjálparstarf á Íslandi og í fátækustu samfélögum heims er aðeins mögulegt með góðum stuðningi frá einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum.

Fjáröflun

Tejgur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2016 til 30. júní 2017 námu 272,8 milljónum króna. Þrjár hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar á starfsárinu; söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páskasöfnun. Í lok starfsárs hófst landsöfnun til aðstoðar Grænendingum í samstarfi við KALAK, vinafélags Grænlands, og fleiri vegna hamfara á vesturströnd landsins í júní. Regluleg styrktarframlög frá einstaklingum sem og prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt..., keypt Friðarljós, útikerti Hjálparstarfsins, minningarkort og gjafabréf af vefsíðunni gjofsemgefur.is renna styrkum stoðum undir starfið. Þá nýtur Hjálparstarfið trausts stuðnings stjórnvalda við verkefni innanlands sem og í þróunarsamvinnu og til mannúðaraðstoðar á erlendum vettvangi.

Fjáröflun með aðstoð fermingarbarna til vatnsverkefna í Afríku

Börn í fermingarfræðslu gengu í hús um land allt dagana 31. október - 3. nóvember 2016 með söfnunarbauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd. Þátttaka var mjög góð en 62 prestaköll voru með í fjáröfluninni nú og söfnuðust 8.139.278 krónur til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Börn í fermingarfræðslu hafa lagt sitt af mörkum með fjáröflun fyrir Hjálparstarfið með þessum hætti síðan árið 1998 og nemur heildarframlag þeirra á þessum 18 árum um 112 milljónum króna. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf hafa frá upphafi lagt á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Jólasöfnun – Vatn er lífsvon

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, hóf jólasöfnun fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda fyrsta sunnudag aðventu undir slagorðinu Vatn er lífsvon. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og til innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum var 76.6 milljónir króna en þar af voru 30.9 milljónir eyrnamerkar innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Páskasöfnun – Gefum þeim séns

Í Páskasöfnun 2017 var safnað fyrir Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með því að senda valgreiðslukröfu í heimabanka landsmanna undir slagorðinu Gefum þeim séns. Alls söfnuðust 9.218.029 krónur.

Landssöfnun - Vinátta í verki

Landssöfnun til aðstoðar Grænlandingum í samstarfi við KALAK, vinafélags Grænlands, og fleiri vegna hamfara á vesturströnd landsins í júní var hrundið af stað undir lok starfsárs. Alls höfðu 13.375.000 krónur safnast í lok júní og verður þeim ráðstafað á nýju starfsári í samvinnu við KALAK.

Styrktarframlög frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum

Á starfsárinu 2016 – 2017 hefur Hjálparliðum, velunnurum starfsins sem leggja reglulega til ákveðna upphæð til verkefna innanlands og utan, haldið áfram að fjölga og er framlag þeirra nú ein af meginstöðum undir starfinu. Upphæð reglulegra styrktarframlaga nam 30.314.159 krónum á starfsárinu. Framlag sókna og presta þjóðkirkjunnar til Hjálparstarfsins nam 7.935.850 króna á starfsárinu. Fjöldmörg fyrirtæki, félagasamtök og sjóðir lögðu Hjálparstarfinu auk þess lið með rausnarlegum styrktarframlögum til verkefna og þá naut Hjálparstarfið góðs af erfðagjöfum til verkefna innanlands og utan.

Opinber framlög

Hjálparstarf kirkjunnar naut öflugs stuðnings utanríkisráðuneytisins til þróunarsamvinnuverkefna í Eþíópíu og Úganda sem og til mannúðaraðstoðar erlendis á árinu. Þá veittu velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg styrki til verkefna innanlands.

Framlög á fjáröflunarvefsíðunum gjöfsemgefur.is og framlag.is

Geitin heldur áfram að vera langvinsælasta gjöfin á gjafabréfasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar gjöfsemgefur.is. Hænur, hreint vatn og heit máltíð fyrir fólk á flóttu eru einnig vinsæl gjafabréf sem og skólavist fyrir börn á Indlandi, framtíðarsjóður, fermingarskeyti og jólagjafir til barna á Íslandi. Gjafabréfin eru táknræn og endurspeгла starfið. Fólknið sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf. Flestir sem gáfu frjálst framlag á framlag.is gáfu án þess að eyrnamerkja, til vatnsöflunar og til hjálpar börnum og unglíngum á Íslandi. Alls söfnuðust 8.418.923 krónur til verkefna Hjálparstarfsins með sölu gjafabréfa á gjöfsemgefur.is og með frjálssu framlagi á framlag.is á starfsárinu.


Aðrar fjáröflunarleiðir

Hjálparstarf kirkjunnar hafði tekjur af sölu minningarkorta, sorgarmerkja og útikertanna *Friðarljósa* sem og fyrir styrktarlínur og auglýsingar í fréttablaðinu *Margt smátt ...*


Framlög til verkefna og reksturs

Hjálparstarf kirkjunnar varði 265 milljónum króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Alls varði stofnunin 60,7 milljónum króna til þróunarsamvinnuverkefna og 49,4 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 68 milljónum króna og til fræðslu- og kynningarstarfs 8,7 milljónum króna. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsárs, 169,1 milljón króna, hefur stofnunin eyrnamerkt um 153 milljónir króna og skuldbundið sig til að verja þeim til langtímaverkefna á næstu árum.


186,8 milljónum króna varið til verkefna



Tekjur námu 272,8 milljónum króna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 265 milljónum króna



Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar jafnt innanlands sem utan. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd verkefna innanlands, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní ár hvert en ársreikningur liggjur fyrir í september.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs en í því skulu vera 9 fulltrúar prófastsdæma, 5 fulltrúar kirkjuráðs og breytilegur fjöldi fulltrúa prestakalla. Á starfsárinu 2016–2017 voru 63 í fulltrúaráði sem fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Fulltrúaráð kys framkvæmdastjórn en formaður hennar skal vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kys. Framkvæmdastjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Framkvæmdastjórn starfsárið 2016–2017:

Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson, hagverkfræðingur

Varamenn í framkvæmdastjórn:

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri
Gunnar Sigurðsson, tölvunarfræðingur

Starfsfólk starfsárið 2016–2017:

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri
Atli Geir Hafliðason, umsjón með starfi sjálfboðaliða, fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu og verkefni í þágu barna á Indlandi
Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun
Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi
Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjón með innanlandsstarfi

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Ingibjörg Pálmadóttir
Páll Kr. Pálsson
Lóa Skarphéðinsdóttir
Þorsteinn Pálsson
Kristín Magnúsdóttir

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir
Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Magnús Ásgeirsson
Vigdís Pálsdóttir

Kjalarnesprófastsdæmi
Sr. Bragi Ingibergsson
Margrét Gunnarsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi
Sr. Elínborg Sturludóttir
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðaprófastsdæmi
Hulda Karlsdóttir
Helga Friðriksdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
Sr. Bryndís Valbjarnardóttir
Kristján Kristjánsson

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Sr. Guðmundur Guðmundsson
Finnur Baldursson

Austurlandsprófastsdæmi
Ásdís Þórðardóttir

Suðurprófastsdæmi
Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Grafarvogssókn
Ingvar Haraldsson

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Gyða Kristófersdóttir

Fellasókn og Hólabrekkusókn
Gry Ek Gunnarsson
Guðrún Jónsdóttir

Seljasókn
Jenetta Bárðardóttir
Matthildur Sverrisdóttir

Digranessókn
Þórhildur Garðarsdóttir

Hjallasókn
Dýrleif Ingvaradóttir

Kársnessókn
Benedikt Vilhjálmsson

Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn
Júliana Tyrfingsdóttir

Bústaðasókn
Gunnar Sigurðsson
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Einar Gottskálfsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensásókn
Steinunn Á. Frímannsdóttir
Ágúst Jónatansson

Hallgrímssókn
Guðlaugur Gunnarsson
Sigurður Bjarnason

Háteigssókn
Dúfa S. Einarsdóttir

Langholtssókn
Guðrún Áslaug Einarsdóttir
Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Nessókn
Katrín Helga Ágústsdóttir

Seltjarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi
Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn
Torfey Rós Jónsdóttir

Suðurprófastsdæmi

Ofanleitissókn
Sigríður Kristjánsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Kirkjubæjarkauptursprestakall
Elín Anna Valdimarsdóttir
Kristín Lárusdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Staffholtssókn
Sr. Elínborg Sturludóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmannshlíðarsókn
Baldur Dýrfrjörð

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Guðbergur Rafn Ægisson

Heimasíða: www.help.is
Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfingin Breytendur: www.changemaker.is